

Erfiðara að fljúga flugmódeli en alvöruflugvél!

– segja þeir Jón Pétursson og Þorsteinn Hraundal flugmódeluellukarlar

„Ég tel að það sé mun erfiðara að hafa fullkomna stjórn á flugmódeli en að stýra flugvél,“ sagði Jón Pétursson, sem starfar hjá Tómstundahúsini, og Þorsteinn Hraundal félagi hans tók undir það. Þeir eru báðir illa haldnir af flugmódelunnini og nota mikil af fríttima sínum í hana.

Beygir til hægri þegar þú stýrir til vinstri

„Þegar þú stjórnar módeli þarfst að fylgjast með vélinni úr fjarlægð. Þegar hún stefnir í attina til þín beygir hún til hægri þegar þú smyrð stýripinanum til vinstri og svo breytist þetta aftur þegar vélinn flýgur frá þér aftur. Sama gildir ef vélinn flýgur á bakinu eða fer í spinn. Þegar þú stýrir alvöruflugvél siturðu þó alltaf í sætinu fyrir aftan stjórnækin sem virka alltaf eins, hvort sem þú stefnir í suður eða norður.“

– Hverni fenguð þið þessa bakteriu? „Ég byrjaði að fljúga módelum árið 1963 og hef verið að síðan,“ sagði Jón Pétursson.

„Ég smitaðist af föður mínum sem flaug módelum og smiðaði þau reyndar og seldi. Hann heitir Pétur Filippusson. Ég veit bara um einn mann, Einar Pál Einarsson, sem enn er virkur og byrjaði fyrr en ég. Hann er held ég meiri dellukarl en ég, byrjaði árið 1962 og á nú þrjátíu flugvelar.“

Ætlaði að smiða einkaflugvél

Þorsteinn sagðist hafa fengið baktériuna árið 1968.

„Mig langaði til að smiða mér litla einkaflugvél og ákvað að reyna við módel fyrst, svona til þess að æfa mig. Það var bara svo gaman að smiða módelið að ég hef ekki haett því síðan og aldrei fór ég út í að smiða einkaflugvélina og hef ekki lengur áhuga á því,“ sagði Þorsteinn.

– Hafið einhverja reynslu úr alvöruflugi?

„Ég flaug nokkur sumur á svifflugum, en það er allt og sumt,“ sagði Þorsteinn. Jón sagðist einnig hafa flogið aðeins á svifflugum og fengið stökum sínum að taka í flugvél hjá vinum sínum en hvorugur hefur lært flug.

Höfum reynslu af því að „krassa!“

„Ég held þó að við vitum meira um ymislegt í sambandi við flugið en margir þeirra sem stjórnar stóru vélunum sem þjóta í háloftunum yfir okkur. Við höfum sjálfir smiðað vélarnar og bekkjum því eiginleika þeirra. Svo getum við leyft okkur ymislegt með módelin sem flugstjórnir geta ekki og um leið öðlast nýja reynslu – hvað hægt er að bjóða módelunum og um leið flugvélunum.“

Allir höfum við „krassad“ nokkrum sínum og það skaðar okkur ekki að öðru leyti en því að við þurum að sitja nokkur kvöld við smiðar til að lagfæra það sem úrskeiðis fór. Það er hins vegar talsvert meira mál ef flugstjóri „krassar“ sínum far kosti. Hann lifir það yfirleitt ekki af að læra nokkuð af þeiri reynslu,“ sagði Þorsteinn.

Byrjendamódel fyrir þrjátíu þúsund

Þeir félagar voru spurðir að því hver kostnaðurinn við flugmódel væri. Jón sagði að hægt væri að kaupa gott byrjendamódel með vél og fjarstýribunaði fyrir 30-40 þúsund krónur.

„Ef menn fá svo delluna er alltaf hægt að bæta við, fíkra sig smá-

saman upp. Prýðisgóður fjarstýribunaður kostar til daemis um sextán þúsund krónur en það er líka hægt að fá fjarstýringu fyrir hundrað þúsund kall – jafnvæl meira! Þetta fer allt eftir því hvað þú vilt leggja mikil í sportið og hvað þú ert efnaður.“

– Hvað notið þið mikinn tíma í þetta tómtundagaman og hvernig tekur fjölskyldan þessu?

Konan farin að venjast þessu
„Ef við erum með vél í smiðum á

veturna fara tvö til þrjú kvöld í viku í smiðarnar. Þá erum við að þetta fjóra til sex tíma á kvöldi. Á sumrin fórum við oft út að fljúga á kvöldin og um helgar þegar gott er veður, bannig að það verður að viðurkennast að töluverður tími fer i flugið,“ sagði Jón.

„Konan míni tekur þessu ágætlega. Hún var reyndar dálitið þreytt á módelunnini fyrst í stað, en síðan hef ég lært að láta mig ekki hverfa óll kvöld og allar helgar. Ég fer

kannski út að fljúga á sunnudagsmorgnum en er svo með fjölskyldunni eftir hádegið. Nú, svo eru stelpurnar mínar farnar að fá smááhuga og koma oft með mér þegar ég fer að fljúga og stundum líka konan,“ sagði Jón.

– Er flugmódelellan bráðsmíandi?

„Ef menn komast yfir byrjunarörðugleikana, sem er erfiðasti hjallinn, tekst að smiða fyrsta módelið og koma því á loft þá verður í fæstum

tilfellum aftur snúið,“ sagði Þorsteinn.

Kastaði öllu og á þrjár eftir

– Eigið þið mörg flugmódel? „Ég á þrjár flughæfar vélar, tvær svifflugur og tvö módel í smiðum,“ sagði Jón.

„Ég á bara þrjú módel,“ sagði Þorsteinn. „Ég kastaði um daginn öllu sem ég tímdu að kasta svo nú eru bara þessar þrjár flugvélar eftir,“ sagði Þorsteinn.

– ATA



Jón Pétursson og Þorsteinn Hraundal við eitt af flugmódelum Jóns. Þetta er mikil tæki, vinssæll keppnisgrípur, og getur náð allt að tvö hundruð kilómetra hráða. Þorsteinn er sjálfur að ljúka við smiði svipaðs módel.